

Lagarfljót kvatt með virktum

Lagarfljót - Mesta vatnsfall Íslands er 420 bls. og hefur að geyma um 500 ljósmyndir, teikningar og kort. Bókin er gefin út í 1.500 eintökum og er kostnaður við útgáfu um fimm milljónir króna. Aðalhöfundar mynda eru bókarhöfundur og Skarphéðinn G. Þórisso

Helgi Hallgrímsson fjölfræðingur hefur lokið stórum áfanga ötuls ævistarfsins með ritun bókar um Lagarfljót. Hann sagði Steinunni Ásmundsdóttur undan og ofan af bókinni, sem hann segir eftirmæli sín um fljótið.

Þetta byrjaði með því að ég ritaði grein um Lagarfljótsorminn í tímaritið Týli þegar ég bjó á Akureyri," segir Helgi Hallgrímsson um tilurð bókarinnar Lagarfljót - Mesta vatnsfall Íslands, og að hún hafi átt sér langan aðdraganda. "Bókin varð ekki meðvituð fyrr en um aldamótin síðustu. Fyrst og fremst voru það virkjunarframkvæmdirnar við Kárahnjúka sem urðu til þess að bókin skapaðist. Ég vildi gera grein fyrir hvernig fljótið er núna svo þær upplýsingar væru til á einum stað. Eftir hálf tveimur árum, þegar búið var að veita vatni Jökulsár á Dal í fljótið, er ekki lengur hægt að rannsaka hvernig það var áður, en því miður hefur þetta vatnsfall allt of lítið verið kannað og við vitum fátt um t.d. lífríkið. Við þær rannsóknir sem fóru fram í tengslum við umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar varð Lagarfljót hornreka og ekki var lögð nægjanleg áhersla á að kanna það miðað við að þarna er verið að breyta vatnsfallinu til frambúðar."

Helstu breytingar sem verða á Lagarfljóti í kjölfar virkjunarinnar eru litabreyting, grugg allt að fimmfaldast og gagnsæi minnkar um helming. Það hefur gríðarleg áhrif á gróður í vatninu, sem er háður ljósi og mun leiða til rýrnunar þörunga og smádyralífs og þar með einnig á fiski og fugli. Á nokkrum stöðum í Lagarfljóti eru straumlaus stöðuvötn. Lögurinn er meginstöðuvatn fljótsins og hið þriðja stærsta af vötnum landsins. Talið er að sumarhiti lækki um hálf til eina gráðu í Leginum. Ekki er reiknað með að vatnsborðshæð Lagarins breytist að ráði því að sprengt verður klapparhaft við Lagarfoss. Þær aðstæður geta þó skapast að flóðhæð verði meiri þegar lón eru full á haustin. Helgi telur að ós Lagarfljóts hljóti að breytast vegna aukins vatnsmagns. Vatnsmagn Jöklu minnkar um 2/3 en tvöfaldast næstum í Lagarfljóti. Þá mun sjórinn ganga á Héraðssand vegna stórminnkaðs framburðar Jöklu.


Eins og eftirmæli

"Ég er að kveðja Lagarfljótið með þessari bók og finnst eins og ég hafi verið að skrifa eftirmæli," segir Helgi og hefur vissan grun um að hafa flutt í heimahaga sína á Fljótsdalshéraði frá Akureyri til að vinna þetta verk. "Ég er svolítið forlagatrúar og þá hættilt manni til að hugsa svona. Annars var það fyrst og fremst aðstaðan til skógræktar heima á óðalinu, Droplaugarstöðum í Fljótsdal, sem dró mig austur árið 1987. Nú vil ég helst flytja burtu, því mér finnst vera búið að svipta mig heimasveit minni."

Helgi segist hafa hvílt hugann við skógrækt og ekki síst þegar honum var þungt í sinni. "Það er mjög hollt og gagnlegt að stunda skógrækt og ég væri líklega dauður ef ég hefði ekki gert það. Dulspekingar segja að vættir séu í öllum trjám;



Ásýnd Lagarfljótsins mun breytast þegar öllu jökulvatni Jökulsár á Dal verður beint um jarðgöng til virkjunar í Fljótsdal og þaðan í fljótið. — Ljósmynd/Skarphéðinn Þórisson



[]

trjáandar. Trén eru merkilegar lífverur, stór og mikil og svo gömul mörg. Jafnvel fleiri þúsund ára og hafa þess vegna svo mikla reynslu sem engin dýr búa yfir, nema þá í gegnum erfðir. Tré eru þess vegna kannski fullkomnustu verur jarðarinnar og taka okkur fram að ýmsu leyti. Ég hefði ekkert á móti því að vera tré í næsta lífi."

Farið vítt um sviðið

Lagarfljótsbókin, sem telur 420 bls., skiptist í sex kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um náttúruna, eðli fljótsins og Lagarins, eðlis- og efnafræði og það sem viðvíkur náttúrufari að öðru leyti. Annar kaflinn segir frá lífríki og veiði, veiðimöguleikum og öllum þeim tilraunum sem gerðar hafa verið til að koma laxi í efri hluta Lagarfljóts. Þá er kafla um samgöngur, brýr, ferjur, vöð og siglingar, bæði um Löginn og í Lagarfljótsós, þar sem margar tilraunir voru gerðar um aldamótin 1900 til að setja höfn. Fjórdi kafla fjallar um virkjanir, fyrst og fremst um Fljótsdalsvirkjun og Kárahnjúkavirkjun og ýmsar smærri virkjanir eins og Lagarfossvirkjun, sem er í fljótinu sjálfu. Fimmti kafla tekur á furðum og undrum í Lagarfljóti og er einkum um Lagarfljótsorminn. Lokakaflinn heitir List og rómantik og þar er m.a. fjallað um nýnefnið Löginn, sem ekki eru allir sáttir við á Héraði þótt nafnið sé yfir hundrað ára gamalt.

Helgi segir torveldast hafa verið að afla heimilda í náttúrufræðikaflann. "Þar vantaði rannsóknir, t.d. á smádyralífi og þörungum. Við vitum tiltölulega lítið um tegundir og magn og hvernig það breytist eftir árstíðum."

Ríkastar heimildir voru á hinn bóginn um veiðar í fljótinu og virkjanir. Hann tekur skýrt fram að hvað sem líði skoðunum hans á virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka sé bókin vonandi laus við hlutdrægni.

Helgi segir öll viðfangsefni bókarinnar hafa höfðað til sín. "Mest þó náttúran og furðuleg fyrirbæri í fljótinu. Ég hef alltaf verið tvískiptur þarna á milli og þykir fráleitt að neita því að yfirskilvitleg fyrirbæri séu til. Ég tel að hægt sé að ganga út frá því sem vísu að þarna sé eitthvað sem er vert að hugsa um og reyna að skilja. Þetta er eins og náttúran sjálf, manni finnst mikilvægt að lýsa tegundum plantna og dýra til að efla þekkinguna og hafa gaman af. Eins er með yfirskilvitleg fyrirbæri. Enda tengjast náttúran og dultrúin óneitanlega mikið saman í Lagarfljóti. Gasið sem sprettur upp í fljótinu hefur alltaf verið tengt Orminum og ekki almennilega hægt að greina þar á milli. Bæði venjulegt fólk og skyggnt virðist geta séð einhverjar furðulegar skepnur í Lagarfljóti sem er ómögulegt að skýra. Niðurstaðan er líklega sú að Lagarfljótsormurinn muni vera vættur eins og huldufólk, dvergar og þess háttar."

Helgi segir fjöldann allan af álfa- og huldufólksbyggðum umhverfis Lagarfljót, þótt ekki sé vitað af slíku á ströndinni. Nykrar hafi og sést við fljótið og meira að segja sækýr."

Hið rósama fljót

Hann segir vandasamt að svara hvaða þýðingu Lagarfljót hafi í hans huga. "Það er svo með allt vatn að það höfðar á einhvern hátt til manna. Erum við ekki fyrst og fremst vatn? Svo margt er líkt með vatni og lífi. Okkur finnst vatnið lifandi af því að það hreyfist og heyrir í því. Svo er það ölduslátturinn, sem samsvarar hjartslætti okkar. Því er eðlilegt að menn hafi trúað á vötn og vatnsföll um allan heim á öllum tímum mannkynssögunnar. Alkunnugt er að menningin svokallaða spratt upp við hin stóru vatnsföll í Miðausturlöndum og Egyptalandi. Spurning er hvort menning væri yfir höfuð til og við á villimannastigi ennþá, ef ekki hefðu verið þessir fljótsdalir. Þar þurfti að nota vitið til að nýta flóðin. Menn urðu að segja fyrir um þau og til þess þurfti stærðfræði- og stjörnufræðikunnáttu. Fólk hefur alltaf trúað á vættir í fljótunum. Þetta voru mjög máttugar vættir, stundum einskonar guðir sem voru dýrkaðir. Að vísu eru engar heimildir um slíkt við Lagarfljót, enda var heiðnin svo stutt hér á Íslandi. Einar Pálsson gat sér þó til um að einhver forn trú hefði verið á Lagarfljóti."

Persónuleg hughrif Helga af Lagarfljóti segir hann vera djúpa ró. "Lagarfljótið er afskaplega rólegt vatnsfall þegar það er komið í sinn fasta farveg neðan við árnar sem mynda það. Halldór Kiljan Laxness yrkir um "Fljótsins dreygnu ró" í Hallormsstaðarljóði sínu og það lýsir því mjög vel. Það er eins og draumkennt og liturinn slíkur. Hvergi sér til botns nema á örgrunnu vatni og allt svo dulúðugt. Litir fljótsins eru afar margir. Grunnlitur er gulgrænn og litabreytingar fara eftir veðri, vindum og árstíðum. Líklega er ekkert vatnsfall eða stöðuvatn í landinu sem hefur eins fjölbreytta líti."

Sveppafræðin og dulheimar

Helgi er með annað rit í smíðum, stóra bók um sveppafræði og íslenska sveppi. Er hún nánast tilbúin og verður fyrsta heildarrit um íslenska sveppi. "Handritið er til og búið að vera það lengi, ég byrjaði á "Sveppu" á undan Lagarfljótsbókinni. Hún byggist á rannsóknum sem hófust um 1960 og ég hóf að skrifa hana í kringum 1990. Ég hef ekki

fengið útgefanda að henni, það verður sjálfsagt næsta verkefni ásamt því að laga handritið til. Svona rit þarf að endurskoða fram í rauðan dauðann. Ég get hugsað mér að skrifa fleiri bækur ef guð lofar. Kannski um dularveröldina."

Helgi hefur birt fjöldann allan af greinum og ritgerðum um aðskiljanlegustu efni og oft kallaður fjölfræðingur fyrir vikið. Þá hafa komið út eftir hann tvær smábækur; Sveppakverið og Veröldin í vatninu árið 1979, sem notuð hefur verið sem handbók fyrir kennara og nemendur og var endurútgefin 1990. Hann hefur frá því hann flutti austur m.a. skrifað sögu og náttúru lýsingu býla í uppsveitum Fljótsdalshéraðs, um huldúfolk á Héraði, náttúrumæraskrá Héraðs og landlýsingar um 50 skógræktarjarða fyrir Héraðsskóga, með örnefna-, landslags- og verndarkortum, sem mun einsdæmi hér á landi. "Það er ýmislegt sem maður hefur komið nálægt," heldur Helgi áfram. "Stofnanir, félög og tímarit sem ég hef gengist fyrir. Sumt hefur lognast út af þegar ég hætti að hafa hönd í bagga með því. Það sem hefur dafnað best er Náttúrugripasafnið á Akureyri, sem eflist hefur gríðarlega og er orðið vísindastofnun, sem var alltaf stefnt að af minni hálfu. Ég veitti safninu forstöðu í aldarfjórðung, með útskoti í rannsóknastöðina Kötlu sem ég stofnaði og rak á Árskógsströnd í áratug. Tímaritið Týli var hluti af þessu líka og fjallaði á alþýðlegan hátt um náttúrufræði og náttúruvernd. Eftir að ég kom austur gekk ég m.a. til liðs við tímaritið Gletting, sem enn er gefið út við ágætán orðstír."

Helgi hefur beitt sér fyrir verndun náttúrunnar, m.a. með stofnun Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) og með ritun greina um virkjunarmál og náttúruvar. Hann hefur ritað um fossana í Jökulsá í Fljótsdal og Keldá, sem munu skerðast verulega vegna Kárahnjúkavirkjunar og um Gljúfrin miklu við Jöklu. Snemmsumars í ár kom svo út bókin Á sprekamó, safn 70 ritgerða eftir jafnmarga höfunda og er bókin tileinkuð Helga sjötugum.

Lagarfljót - Mesta vatnsfall Íslands er fyrsta bók sem rituð er um Lagarfljót. Helgi segir hana jafnframt vera fyrstu bók sem skrifuð sé um vatnsfall á Íslandi í þessu formi. Aðrar bækur hafi snúist um veiðar í ánum. Hann segir útgefandann, sem er útgáfufélagið Skrudda í Reykjavík, hafa sýnt bæði velvild og bjartsýni að taka bókina til útgáfu og mikil vinna hafi verið að brjóta hana um og vinna myndefni. "Ég er afskaplega feginn að vera búinn að koma bókinni í verk. Nú finnst mér ég geta horfið rólegur yfir aðra og meiri móðu. Ég lít á ritið sem hið mikilvægasta í ævistarfinu, eitthvað sem ég varð að koma frá mér. Ég hefði ekki verið ánægður að deyrja frá þessu verki. Það er miklu auðveldara að deyrja frá sveppabók, því þar verða aðrir sem taka við."

Lagarfljót - Mesta vatnsfall Íslands er 420 bls. og hefur að geyma um 500 ljósmyndir, teikningar og kort. Bókin er gefin út í 1.500 eintökum og er kostnaður við útgáfu um fimm milljónir króna. Aðalhöfundar myndu eru bókarhöfundur og Skarphéðinn G. Þórisson og umbrot annaðist Steingrímur Steinþórsson hjá Skruddu.

Skautafærð Sögu-Gvendar

Líklega hefur enginn farið eins frækna skautaför á Lagarfljóti og þá sem Guðmundur Magnússon (Sögu-Gvendar) í Bessastaðagerði sagði svo frá: "Það var einu sinni um vetrartíma í hvössum vestanvindi, að ég fór á skautum út eftir Lagarfljóti. Jók vindurinn mikið ferð mína. Vissi ég þá ekki fyrri til en ég straukst ofan um vök eina. En svo var mikið kastið á mér, að ég hentist áfram langan veg undir ísnum, í eins konar öngviti niðri í djúpinu. Loksins skaut mér upp gegnum ísinn með þeim hraða að ég kom hvar fjarri niður; varð ég að liggja þar lítinn tíma áður en ég áttaði mig."

Lagarfljót - Mesta vatnsfall Íslands, bls. 166. Úr þjóðsögum og sögum VIII e. Sigfús Sigfússon.